



Reglur og skilmálar vegna sumarstarfa og vinnuskóla við græn svæði.

1. Umsjón með auglýsingu og umsóknum um sumarstörf og vinnuskóla hefur oddviti Tálknafjarðarhrepps, í samráði við deildarstjóra áhaldahúss.
2. Markmiðið er að bjóða ungmennum, fæddum 1995 vinnu við græn svæði sveitarfélagsins og ungmennum fæddum 1996 – 1998 vinnu í vinnuskóla sveitarfélagsins.
3. Aðeins þau ungmenni sem lögheimili eiga í Tálknafjarðarhreppi fá störf hjá sveitarfélaginu.
4. Umsókn um starf jafngildir ekki ráðningarsamningi.
5. Tálknafjarðarhreppur áskilur sér rétt til að vinna með umsóknir og ráða í störf um leið og umsóknir berast. Hér gildir þó ekki „fyrstir koma fyrstir fá“.
6. Í vinnuskóla fá þau ungmenni vinnu sem sækja um.

Vinnutíminn verður mismunandi eftir aldri starfsmanna þ.a. :

- Börn fædd 1998 vinnutími kl. 08:00 – 12:00 mánudag - fimmtudag
 - Börn fædd 1996-1997 vinnutími kl. 08:00 – 12 og 13 – 15.30 mánudag-
fimmtudag
 - frí alla föstudaga.
 - Vinnuskólinn hefst þriðjudaginn 5.júní og er síðasti vinnudagur fimmtudagurinn 19. júlí.
7. Tálknafjarðarhreppur áskilur sér rétt til að breyta reglum þessum án fyrirvara.

Lagt fram í hreppsnefnd 24.apríl 2012.

Umsóknareyðublöð aðgengileg á skrifstofu og neðst á heimasíðu sveitarfélagsins :

- *Starfsumsókn.*
- *Umsókn um vinnuskóla.*